



Ársskýrsla 2023

Golfklúbbur Suðurnesja

Kæru félagar,

Heilt yfir var síðasta starfsár mjög gott hjá okkur og kom til að mynda Hólmsvöllur ótrúlega vel undan vetri og var völlurinn opnaður á sumar teigum fyrir félagsmenn þann **19.apríl** og flötum völlurinn var svo opin fram yfir miðjan nóvember.

Stjórn 2022-2023:

Sveinn Björnsson formaður

Guðrún Þorsteinsdóttir varaformaður

Karitas Sigurvinsdóttir gjaldkeri

Páll M. Egonsson ritari

Sigurður Sigurðsson meðstjórnandi

Gunnar Ellert Geirsson meðstjórnandi

Ólöf Einarsdóttir meðstjórnandi

Róbert Sigurðsson meðstjórnandi

Örn Ævar Hjartarson meðstjórnandi

framkvæmdastjóri GS Sverrir Auðunsson

Stjórn hélt 11 formlega stjórnarfundum og nokkra óformlega vinnufundi. Eins voru hugmyndir og samþykktir stjórnar unnar í gegnum facebook síðu stjórnar.

Stjórn og starfsfólk varði fyrstu mánuðum ársins í að skipuleggja starfið fyrir sumarið. Hugað var að hvað við þyrftum af starfsfólki og í hvaða formi veitingasalan yrði rekin. Í hvaða framkvæmdir yrði farið og í hverju þyrfti að fjárfesta. Guðmundur Rúnar Lúðvíksson tók við rekstri á veitingasölu og bauð upp á ýmislegt aðalega smurðar veitingar.

Starfsfólkið okkar í sumar gerði kraftaverk og náði að láta allt ganga vel þrátt fyrir að vera verulega faliðuð, unnu mikið og lögðu mikið á sig fyrir klúbbinn. Fyrir það viljum við í stjórninni sérstaklega þakka.

Inniaðstaðan okkar var mjög vel nýtt af félagsmönnum. Þúttklúbbur Suðurnesja var færður úr Íþróttakademíu inn til okkar vegna loftgæðavandamála í Myllubakkaskóla. Sambúðin við Þúttklúbb Suðurnesja hefur gengið ágætlega og vonar stjórn eftir áframhaldandi farsælu samstarfi í vetur.

Samstarfið við eigendur Stóra-Hólms hefur einnig einkennst af góðri samvinnu og hefur sambýlið gengið vel. Stjórn ákvað að ganga ekki til samninga við eigendur um afnot á æfingarvelli að þessu sinni, stjórn vildi leggja frekari áherslu á framkvæmdir á Hólmsvelli.

Einn bílskúr í einkaeigu f auk út í veður og vind í veðurofsa, klúbburinn varð sem betur fer ekki fyrir neinu tjóni vegna þess. Það er ljóst að bregðast þarf við þessum skúrum sem eru í einkaeigu meðlima á einhvern hátt. Það væri vissulega ein hugmynd að fjarlægja þá og GS myndi byggja upp til framtíðar á þessum stað.

Á nýliðnu Golfþingi Gólf samband Íslands átti GS, 5 fulltrúa þar gerði stjórn GS samning við GSÍ um mótahald til næstu 3 ára.



- Íslandsmótið í högggleik verður haldið á Hólmsvelli dagana 18-21 júlí 2024 á 60 ára afmælisári GS.
- Íslandsmót unglunga í högggleik verður haldið á Hólmsvelli 2025
- Íslandsmótið í holukeppni verður haldið á Hólmsvelli 2026

Við hlökkum mikið til að sjá Loga verja Íslandsmeistaratitil sinn á heimavelli n.k. júlí.

Kvennastarf GS

Kvennaráðið skipuðu Karitas Sigurvinsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir, Þuríður Magnúsdóttir, Björk Þorsteinsdóttir, Auður Ásgrímsdóttir, Halldóra Magnúsdóttir og Brynja Aðalbergisdóttir.

Kvennastarfið heldur áfram að blómstra hjá klúbbum. Að meðaltali mæta um 30-40 konur í mánudagsgolfið og í sumar var brugðið á ráð nokkrum sinnum og var vellinum snúið við. Þannig gafst fjölmörgum kvenkyns félagsmönnum tækifæri til að spila seinni níu en margar þeirra hefðu t.d. aldrei gert það áður. GS konur heimsóttu Grindavíkurkonur og fengu þær svo einnig í heimsókn í Leiruna. Eins fóru GS konur í óvissuferð á Svarfhólsvöll á Selfossi og áttu skemmtilegan golfdag þar í góðu veðri.

Vallarnefnd:

Formaður: Gunnar Ellert Geirsson

Vallarstjóri: Birkir Þór Karlsson

Vallarstarfsmenn: Guðmundur Rúnar Hallgrímsson og Ævar Örn Auðunsson

Sumarstarfsmenn voru 5 talsins.

Markið vallarnefndar og stjórnar hefur verið að bæta upplifun hins almenna kylfings. Ráðist var í nauðsynlegt viðhald og lagfæringar á Hólmsvelli um leið og veður leyfði. Meðal þeirra verkefna sem hafa unnist á starfsárinu eru:

- Allar brautir hafa fengið góða aðhlyningu.
- Settar voru nýjar steinsteyptar tröppur í stað timburs um allan völl.
- Kantur settur við flöt á 2. braut og nýr gangstígur yfir á hvíta teiginná 3.
- Stóra glompan við flötina á 3. braut var hlaðin með torfi.
- Unnið var heilmikið verk á 4. braut gamli varnargarðurinn grafin niður og brautin þverskorin og drenuð með mól.
- Yfirfall á tjörninni við 6. braut var tekið upp og lagfært.
- Grasglompa á 7. braut kláruð og vökvunarkerfi sett í flöt.
- Nýr teigur tekin í notkun á 13. braut
- Reist hefur verið varnahóll (athvarf) við fremsta teig á 15. braut
- Hóll settur í stað glompu á 18. braut
- Og nú á haustmánuðum hefur nokkrum glompum verið lokað og er unnið er að viðhaldi og endurbyggingu á teigum.
- Framkvæmdir við breikkun 4. brautar að sjóvarnargarði eru hafnar og verður framhaldið í vetur.
- Endurgerð teiga á 4, 7, 11, 12 og 14. brauta er í undirbúningi og hönnun.
- Viðhaldi og endurgerð stíga gengur vel.
- Unnið er að gerð nýrra teigmerkinga og er byrjað að setja þær upp.

Það má því með sanni segja fjárfest og framkvæmt hefur verið til framtíðar á Hólmsvelli í ár. Haldið verður áfram að vinna á vellinum þannig að hann skarti sínu allra fegursta næsta sumar.



Mótanefnd:

Formaður Örn Ævar Hjartarson

Samanlagt voru haldin 16 mót. Opnu mótin voru 4 talsins og voru þátttakendur 391. Innanfélagsmótin voru 12 og 681 þátttakendur.

Stigamót:

Haldin voru 8 stigamót þar sem 368 kylfingar tóku þátt. Að meðaltali tóku 34 kylfingar þátt í hverju móti. **Svandís Þorsteinsdóttir** stóð uppi sem stigameistari kvenna 2023 og **Oddgeir Karlsson** varð annað árið í röð stigameistari karla,

Bikarkeppni :

Bikarkeppnin (holukeppni) var haldin eins og venjulega þar sem 43 kylfingar tóku þátt. Sigurvegari bikarkeppninnar 2023 var **Gunnar Ellert Geirsson**.

Meistaramótið:

Meistaramót GS fór fram í byrjun júlí og tóku alls 116 kylfingar þátt. **Erla Þorsteinsdóttir** stóð uppi sem sigurvegari kvenna og **Logi Sigurðsson** varð sigurvegari karla.

Snærisleikur á Jónsmessu:

Sumarsólstöðumótið eða snærisleikurinn var haldinn á Jónsmessunni og skemmtu félagsmenn sér vel á golfvöllinum.

Bændaglíman:

Bændaglíman var haldin 7. október og var veðrið einstaklega gott. 40 félagsmenn mættu til leiks og áttu frábæran dag í Leirunni í góða veðrinu. Bændur ársins voru **Guðjón Skúlason** og **Bjarni Sæmundsson**.

Hjóna og parakeppni - Diamond Suites:

Hjóna og parakeppni í samstarfi við Hótel Keflavík var haldið í fimmta skiptið og var fullt í mótið eins og vanalega. Öll umgjörð um mótið tókst vel og Hótel Keflavík frábærir samstarfsaðilar.

GSÍ mót á Hólmsvelli:

- Eins og undanfarin ár var haldið stigamót GSÍ á Hólmsvelli. Leirumótið var haldið í byrjun júní og mættu 124 keppendur. Þarna öttu bestu kylfingar landsins kappi og var þeim tíðrætt um hve völlurinn okkar væri í góðu standi, og hversu vel mótið heppnaðist.
- Í júní fór fram mót á öldungamótaröðinni, LEK og voru það 131 kylfingur sem mættu til leiks, þegar langt var liðið á mótið var það blásið af vegna veðurs.
- Í ágúst var haldið Íslandsmót golfklúbba 1. deild kvenna og sigraði golfklúbbur Mosfellsbæjar eftir úrslita leik við golfklúbb Reykjavíkur.
- Í ágúst var haldið Íslandsmót golfklúbba 1. deild karla 50+ og sigraði golfklúbburinn Setberg eftir úrslita leik við golfklúbbinn Esju.

Við hjá GS getum verið stolt af kylfingunum okkar sem kepptu fyrir hönd klúbbsins en þeir stóðu sig með miklu þrýði í sumar. Klúbburinn eignaðist m.a. **Íslandsmeistara karla í högguleik, Stigameistara GSÍ, Íslandsmeistara karla 65 ára og eldri**. GS hefur undanfarin ár lagt áherslu á að eiga lið í sem flestum sveitakeppnum GSÍ og í ár voru send lið í allar keppnir.

Íþróttastjóri klúbbsins Sigurpáll Geir Sveinsson mun fara betur yfir árangurinn og starf afrekshópsins í sinni skýrslu.



Skýrsla íþróttastarfs Golfklúbbs Suðurnesja fyrir starfsárið 2023

Golfklúbbur Suðurnesja (GS) heldur úti öflugum barna-, unglunga- og afreksstarfi í 10 mánuði á ári. Iðkendur stunda æfingar frá nóvember og fram í lok september ár hvert. Yfir vetrartímann fara æfingar fram í inniaðstöðu GS við Hringbraut 125, en yfir sumartímann í Leirunni. Inniaðstaðan er sífellt að verða betri og betri. Í haust færðum við millivegin á milli hermanna og nú eru rýmin jafnstór og bæði mjög rúm. Mig langar að þakka Gísla Grétari fyrir þessa framkvæmd og í raun allt sem hann hefur gert fyrir aðstöðuna okkar.

Iðkendur æfa þrisvar sinnum í viku á veturna þar sem aðaláherslan er að bæta færni, tækni, jafnvægi og líkamlega getu til þess að bæta sinn leik fyrir sumarið. Yfir sumartímann eru æfingar þrisvar sinnum í viku auk NETTÓ mótaraðar barna og unglunga þar sem ungir iðkendur fá tækifæri til þess að kynnst því að spila aðalvöllinn okkar og að lækka forgjöf. Aðaláherslan yfir sumartímann er að viðhalda góðum grunni, bæta leikskilning, leikskipulag, andlega þáttinn og hæfni í að koma betra skori í hús.

Nýliðastarf klúbbsins heldur áfram að vaxa og dafna og hjálpar klárlega til við að fjölga meðlimum í klúbbnum okkar. 40 einstaklingar mættu á nýliðanámskeið í vor og var mikil og góð stemning.

Afrekskylfingar klúbbsins ásamt ungum iðkendum fóru í æfingaferð til Spánar dagana 24-31. mars. Farið var til Spánar, nánar tiltekið á Valle del Este í Almeria héraði. Ferðin gekk vel í alla staði og veðrið lék við okkur allan tímann. Í ferðinni var mikið æft og spilað. Í ferðinni voru nokkrir foreldrar og meðlimir og var það mat allra að ferðin hafi tekist mjög vel.

Kylfingar ársins

Fjóla Margrét Viðarsdóttir er kvenkylfingur ársins hjá Golfklúbbi Suðurnesja.

- Fjóla Margrét átti gott tímabil og lækkaði forgjöf sína úr 2,1 og í 1,0. Fjóla Margrét var valin í landsliðshóp Íslands á árinu og keppti hún með landsliði Íslands undir 18 ára á evrópumóti landsliða. Fjóla átti ágætis tímabil hér heima, en hún endaði meðal annars í 4. sæti á stigalista GSÍ 16 ára og yngri.

Logi Sigurðsson er karlkylfingur ársins hjá Golfklúbbi Suðurnesja.

- Logi átti sitt langbesta tímabil á sínum ferli og lækkaði hann forgjöf sína úr +1.5 og niður í +4.8. Logi spilaði aðallega á stigamótaröð þeirra bestu. Eins og flestir vita gerði Logi sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í högggleik á eftirminnilegan hátt. Logi kórónaði svo gott sumar á að tryggja sér stigameistaratitil GSÍ í lokamótinu. Frábært sumar hjá Loga og það verður spennandi að sjá hvernig næstu ár þróast hjá honum.

Klúbburinn sendi sveitir á Íslandsmót golfklúbba í öllum aldursflokkum. Sveitir GS stóðu sig frábærlega og voru klúbbnum til sóma á allan hátt. Hér á eftir kemur svo árangur hvernar sveitar fyrir sig.

- Karlasveit GS endaði í 7. sæti í 1. deild eftir að hafa verið hársbreidd frá undanúrslitum. Sveitin heldur sæti sínu í 1.deild.
- Kvennasveit GS endaði í 5.sæti í 1.deild og verða áfram meðal þeirra bestu á næsta ári.
- Öldungasveit karla 50+ lék í efstu deild og endaði í 7. sæti og héldu sínu sæti.
- Öldungasveit kvenna 50+ lék í efstu deild og enduðu í 8. sæti og féllu í 2.deild.



- Karlasveit 65+ lék í 1. Deild og enduðu í 3. Sæti. Flottur árangur og þess má geta að þeir voru 1 bráðabana frá því að spila um titilinn.
- Unglingasveit GS undir 14 ára endaði í 9. sæti af 14 sveitum sem er fínn árangur miðað við flestir í sveitinni eiga nokkur ár eftir í þessum aldursflokki.
- Barnasveit GS undir 12 ár spilaði í bláu deildinni þar sem liðsforgjöfin var mjög jöfn. Hún gerði sér lítið fyrir og sigruðu deildina.
- Sveit GS 17-21 árs endaði í 4. Sæti af 13 liðum. Ágætis árangur en sorgleg niðurstaða eftir að hafa tapað bráðabana um að spila um gullið og tapa svo aftur bráðabana í bronsleiknum en svona er víst golfið.

Nokkrir kylfingar úr GS tóku þátt í Íslandsmóti öldunga sem var haldið hjá nágrönnum okkar í Sandgerði. Við áttum því miður engan keppanda í 50 ára og eldri en 6 keppendur í 65 ára og eldri.

- **Kristján Björgvinsson** gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari karla 65 ára og eldri
- **Helga Sveinsdóttir** endaði í 2. Sæti í flokki kvenna 65 ára og eldri.

Það má segja að íþróttastarfið árið 2023 hafi gengið vel og stendur árangur Loga þar hæst. Það er markmið okkar að fjölga ungum iðkendum ár frá ári því það er ljóst að með því að fjölga þeim erum við að auka líkurnar á að þeir verði framtíðar meðlimir sem munu svo að öllum líkindum koma aftur í sinn heimaklúbb með maka sína og börn í starfið.

Mig langar að þakka fyrir gott samstarf við aðra starfsmenn klúbbsins, afreksnefnd, vallarnefnd og stjórn GS.

Árið 2024 getur orðið enn betra ef allir leggjast á eitt og vinna á sömu línu varðandi fjölgun meðlima, efla félagsandann og síðast en ekki síst að efla barna-, unglinga- og afreksstarfið okkar.

Sjálfbóðaliðar

Við erum einstaklega rík af sjálfbóðaliðum og vil ég þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg við að aðstoða klúbbinn okkar. GS tilnefndi einn meðlim til útnefningu á sjálfbóðaliða ársins hjá GSÍ. Gísli Gréta Björnsson var tilnefndur og er sjálfbóðaliði ársins 2023.

Teknar voru saman tölur yfir spilaða hringi á árinu:

Á árinu 2023 var opið inn á sumarflatir frá 19. apríl og er enn opið þegar þetta er ritað, 27. nóvember.



Á tímabilinu apríl til og með október 2023 voru alls skráðir rástímar 17.779, þar með talin mót. Það er **+12,4%** aukning en á sama tímabili á árinu 2022 en þá voru 15.816 skráðir rástímar.

2023 skráðir rástímar			
	GS	Gestir	Samtals
Apríl	682	579	1.261
Mái	1.723	1.562	3.285
Júní	2.480	1.148	3.628
Júlí	2.817	905	3.722
Ágúst	2.622	1.059	3.681
September	1.106	381	1.487
Oktober	646	69	715
	12.076	5.703	17.779


2022 skráðir rástímar			
	GS	Gestir	Samtals
Apríl	894	637	1.531
Mái	2.317	655	2.972
Júní	2.224	972	3.196
Júlí	2.343	455	2.798
Ágúst	1.660	955	2.615
September	1.524	435	1.959
Oktober	688	57	745
	11.650	4.166	15.816

2023 v. 2022			
	GS	Gestir	Samtals
Apríl	-23,7%	-9,1%	-17,6%
Mái	-25,6%	138,5%	10,5%
Júní	11,5%	18,1%	13,5%
Júlí	20,2%	98,9%	33,0%
Ágúst	58,0%	10,9%	40,8%
September	-27,4%	-12,4%	-24,1%
Oktober	-6,1%	21,1%	-4,0%
	3,7%	36,9%	12,4%

Af þessum skráðum rástímum fyrir árið 2023 (apríl-október) voru **12.076 GS meðlimir** sem spiluðu Hólmsvöll sem er **+3,7%** aukning milli ára en árið 2022 voru hringirnir 11.650 sem GS meðlimir spiluðu.

Það var töluverð aukning í **aðkomukylfingum** á árinu en heimsóknnum út í Leiru fjölgaði um **+37%** milli ára og fóru úr 4.166 heimsóknnum í 5.703 eða 1.537 fleiri heimsóknir.

Hversu seint vellirnir opnuð á höfuðborgarsvæðinu er megin ástæðan á bak við aukninguna í maí en það var í hversu góðu ástandi Hólmsvöllurinn var í sumar sem var aðdráttaflið fyrir aukninguna frá júní og út sumarið.




Eins og undanfarin ár voru því miður veðurguðirnir ekki heldur hliðhollir okkur á köflum í sumar og var það oft á tíðum frídagur og helgarnar sem voru fyrir barðinu.


Júlí var fjölmennasti mánuðurinn en þá voru alls skráðir 3.722 kylfingar á rástíma.

Meðlimir GS

Á árinu 2023 fjölgaði meðlimum GS um **+8,5%** eða um 54 og fóru úr 633 í 687. Karlkyns félagsmenn eru 489 eða 71% og kvenkyns 198 eða 28% af félagsmönnum. Golfklúbbur Suðurnesja er 10. stærsti golfklúbbur landsins eftir golfsumarið 2023.



Aldurskipting félagsmanna er eftirfarandi:



Að lokum

Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka öllu starfsfólki fyrir góð störf í þágu Golfklúbbs Suðurnesja. Þakka styrktaraðilum og Reykjanesbæ fyrir gott samstarf. Þakka öllum sjálfboðaliðum fyrir þeirra framlag. Starfsfólk og stjórn þakkar félagsmönnum fyrir hvatningu og jákvæðni í okkar garð og fyrir að sýna klúbbum sínum áhuga með góðum ábendingum, klúbbum og starfinu til heilla.

Sveinn Björnsson
Formaður